



Alþýðusamband Íslands

Ríkisstjórnin verður að greiða götu þeirra stórframkvæmda sem nú eru í undirbúningi auk þess að ráðast í framkvæmdir á eigin vegum. Benda má á fjölmörg verkefni sem ráðast mætti í á næstu mánuðum og misserum af hálfu stjórnvalda s.s. viðhaldsverkefni vegna opinberra bygginga um land allt, vegabætur, samgöngumiðstöð, bygging hjúkrunarheimila og nýr Landspítali eru verkefni sem taka má ákvörðun um og hefja vinnu við hið fyrsta.